

## SAMÞYKKT

### um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Vestmannaeyjabæjar, nr. 991/2020.

1. gr.

3. gr. viðauka IV við samþykktina breytist og orðast svo, ásamt fyrirsögn:

#### *Fjölskyldu- og tómstundaráð.*

Fjölskyldu- og tómstundaráð afgreiðir án staðfestingar bæjarstjórnar eftirtalin mál sem eru á verkefnasviði fjölskyldu- og tómstundaráðs:

1. Umsóknir um fjárhagsaðstoð samkvæmt reglum Vestmannaeyjabæjar um fjárhagsaðstoð (staðfesta afgreiðslur starfsmanna og afgreiða beiðnir um undanþágu frá reglum).
2. Áfrýjunar- og undanþágubeiðnir frá reglum Vestmannaeyjabæjar um úthlutun leiguíbúða skv. lögum um húsnæðismál nr. 44/1998.
3. Áfrýjunar- og undanþágubeiðnir vegna umsókna um búsetu fyrir fatlað fólk.
4. Áfrýjunar- og undanþágubeiðnir vegna umsókna í íbúðir aldraðra og þjónustuíbúðir fyrir aldraða skv. reglum sveitarfélagsins þar um.
5. Áfrýjunar- og undanþágubeiðnir frá reglum um sérstakan húsnæðisstuðning skv. 2. mgr. 45. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.
6. Áfrýjunar- og undanþágubeiðnir frá reglum um félagslega heimaþjónustu.
7. Aðrar undanþágubeiðnir og/eða áfrýjanir á umsóknum skv. ýmsum reglum, s.s. um liðveislu, stuðningsfjölskyldur, verktakasamninga, verkfæra- og tækjakaup skv. lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir o.fl.
8. Aðrar afgreiðslur sem heyra undir lög um félagsþjónustu sveitarfélaga, lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, lög um húsnæðismál, lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020, lög um málefni aldraðra og aðra þá málaflokka sem heyra undir verksvið nefndarinnar og fjölskyldu- og fræðslusvið Vestmannaeyjabæjar.
9. Styrkveitingar innan ramma fjárhagsáætlunar bæjarins til einstaklinga, félagasamtaka eða annarra lögaðila í þeim málaflokkum sem undir hverja nefnd heyra.
10. Fjölskyldu- og tómstundaráð fer með yfirstjórn barnaverndarþjónustu skv. 1. mgr. 12. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.
11. Veitir undanþágu frá reglum um frístundastyrk og skera úr um vafaatriði sem koma upp.
12. Veitir undanþágu varðandi akstursþjónustu fatlaðs fólks.
13. Ákvörðun um laun, vinnutímabil og vinnutíma starfsmanna í Vinnuskólanum innan heimilda fjárhagsáætlunar.

2. gr.

Við samþykktina bætist nýr viðauki V um fullnaðarafgreiðslu mála hjá Barnaverndarþjónustu Vestmannaeyjabæjar, samkvæmt 3. mgr. 12. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, sem birtur er með samþykkt þessari.

3. gr.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Vestmannaeyjabæjar hefur sett samkvæmt ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

*Innviðaráðuneytinu, 2. október 2023.*

F. h. r.

**Aðalsteinn Þorsteinsson.**

*Hafðís Gísladóttir.*

VIÐAUKI V  
**um fullnaðarafgreiðslu mála hjá Barnaverndarþjónustu Vestmannaeyjabæjar  
samkvæmt 3. mgr. 12. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.**

I. KAFLI  
**Grundvöllur.**

1. gr.

*Grundvöllur.*

Viðauki þessi er settur á grundvelli 3. mgr. 12. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, hér eftir barnaverndarlög. Þar tilgreindum starfsmönnum Barnaverndarþjónustu Vestmannaeyjabæjar er í viðauka þessum falið umboð til könnunar, meðferðar og ákvarðanatöku í einstökum barnaverndarmálum og öðrum málum þar sem barnaverndarþjónustan fer lögum samkvæmt með ákvörðunarvald. Sé ekki sérstaklega mælt fyrir um það í samþykkt þessari hver hefur heimild til að taka ákvörðun f.h. barnaverndarþjónustunnar hefur hvor sem er framkvæmdastjóri fjölskyldu- og fræðsluviðs eða umsjónarfélagsráðgjafi heimild til að taka slíka ákvörðun.

2. gr.

*Skilgreining á hugtökum.*

*Framkvæmdastjóri fjölskyldu- og fræðsluviðs* er starfandi framkvæmdastjóri Barnaverndarþjónustu Vestmannaeyja á hverjum tíma.

*Framkvæmdastjórn* er samansett af framkvæmdastjóra og umsjónarfélagsráðgjafa.

*Teymisfundur* er fundur ráðgjafa barnaverndar, þar sem teknar eru ákvarðanir um könnun máls og úthlutun tiltekinna mála til starfsmanna (ráðgjafa). Einnig fara fram umræður um einstök mál, sjónarmið fagaðila, barna og foreldra eru ígrunduð og lagt mat á stefnu máls. Teymisfundirnir eru að jafnaði haldnir vikulega.

*Ráðgjafi* er starfsmaður sem starfar á skrifstofu fjölskyldu- og fræðsluviðs og telst til sérhæfðs starfsfólks í skilningi 3. mgr. 11. gr. barnaverndarlaga. Þetta eru starfsmenn með eftirfarandi starfsheiti: félagsráðgjafi barnaverndar eða ráðgjafi barnaverndar.

*Umsjónarfélagsráðgjafi* er stjórnandi ráðgjafar í barnaverndarþjónustunni.

*Starfsmaður* er starfsmaður Barnaverndarþjónustu Vestmannaeyjabæjar.

3. gr.

*Heimildir og umboð starfsmanna.*

Í forföllum eða fjarveru framkvæmdastjóra leysir umsjónarfélagsráðgjafi framkvæmdastjóra af varðandi barnaverndarþjónustuna. Í forföllum eða fjarveru umsjónarfélagsráðgjafa leysir framkvæmdastjóri hann af nema framkvæmdastjóri feli tilteknum ráðgjafa í barnavernd umboð umsjónarfélagsráðgjafa meðan á fjarveru stendur.

4. gr.

*Starfslið.*

Framkvæmdastjóri fjölskyldu- og fræðsluviðs ræður starfsmenn Barnaverndarþjónustu Vestmannaeyjabæjar eða veitir umsjónarfélagsráðgjafa umboð til þess í einstökum ráðningum. Framkvæmdastjóra er heimilt að samnýta starfsmenn á sviði félags-, skóla- og æskulýðsþjónustu undir sameiginlegt starfsmannahald og sérfræðiþjónustu. Framkvæmdastjóra er heimilt að fela utanaðkomandi sérfræðingum vinnslu og meðferð mála eftir því sem þörf er á hverju sinni innan heimilda barnaverndarlaga og sveitarstjórnarlaga hverju sinni. Þá er framkvæmdastjóra heimilt að semja við utanaðkomandi aðila um rekstur vistheimila eða sambýla á grundvelli 84. gr. barnaverndarlaga.

5. gr.

*Valdsvið og samstarf barnaverndarþjónustna.*

Umsjónarfélagsráðgjafi getur samið við aðrar barnaverndarþjónustur um að mál skuli að einhverju eða öllu leyti unnið í þeirra umdæmi, þó barn hafi fasta búsetu í Vestmannaeyjum. Sömuleiðis getur umsjónarfélagsráðgjafi samið við aðrar barnaverndarþjónustur um að mál skuli að einhverju eða

öllu leyti unnið í umdæmi Barnaverndarþjónustu Vestmannaeyjabæjar þó barn hafi fasta búsetu annars staðar. Að öðru leyti fer um þessi mál samkvæmt 15. gr. barnaverndarlaga, með síðari breytingum.

Ef vinda þarf bráðan bug að ráðstöfun vegna barns sem statt er í Vestmannaeyjum en hefur fasta búsetu annars staðar getur ráðgjafi barnaverndar, í samráði við umsjónarfélagsráðgjafa, án undan-genginnar málsmeðferðar skv. VIII. kafla barnaverndarlaga, framkvæmt hana. Starfsmaður skal án tafar tilkynna viðkomandi barnaverndarþjónustu um málið sem skal taka málið til meðferðar og taka allar frekari ákvarðanir.

## II. KAFLI

### Upphaf og könnun barnaverndarmáls.

#### 6. gr.

##### *Nafnleynd.*

Tilkynnandi skv. 16. gr. barnaverndarlaga skal njóta nafnleyndar gagnvart öðrum en Barnaverndarþjónustu Vestmannaeyja, óski hann þess, nema sérstakar ástæður mæli gegn því. Óski aðili máls eftir afléttingu á nafnleynd getur umsjónarfélagsráðgjafi eða framkvæmdastjóri tekið ákvörðun um slíka beiðni.

Ef rökstuddur grunur er um að tilkynnandi hafi vísitandi komið á framfæri rangri eða villandi tilkynningu getur umsjónarfélagsráðgjafi tekið ákvörðun um að aflétta nafnleyndinni. Ef tekin er ákvörðun um að aflétta nafnleynd getur umsjónarfélagsráðgjafi óskað lögreglurannsóknar á meintu broti gegn 96. gr. barnaverndarlaga.

#### 7. gr.

##### *Ákvörðun um könnun máls.*

Þegar tilkynning berst Barnaverndarþjónustu Vestmannaeyja skal hún tekin fyrir á teymisfundi til ákvarðanatöku og meta hvort ástæða sé til að hefja könnun máls. Ákvörðun um að hefja könnun máls skal ekki tekin nema rökstuddur grunur sé um að tilefni sé til. Á viðkomandi fundi skal taka ákvörðun um hvort fresta eigi tilkynningu til foreldra vegna ríkra rannsóknarhagsmuna, sbr. 3. mgr. 21. gr. barnaverndarlaga.

Ef brýna nauðsyn ber til hefur ráðgjafi, að höfðu samráði við umsjónarfélagsráðgjafa, heimild til að hefja könnun án þess að teymisfundur hafi fjallað um málið.

Þegar tekin hefur verið ákvörðun um að hefja könnun máls úthlutar umsjónarfélagsráðgjafi málinu í vinnslu til ráðgjafa sem jafnframt er ábyrgðarmaður máls.

#### 8. gr.

##### *Úthlutun annarra mála.*

Mál sem heyra undir Barnaverndarþjónustu Vestmannaeyja en eru ekki unnin á grundvelli V. kafla barnaverndarlaga skal umsjónarfélagsráðgjafi úthluta í vinnslu til starfsmanna.

#### 9. gr.

##### *Skipan talsmanns.*

Þegar tekin hefur verið ákvörðun um að hefja könnun máls skal ráðgjafi að höfðu samráði við umsjónarfélagsráðgjafa taka afstöðu til þess í bókun hvort þörf sé á að skipa barni talsmann.

#### 10. gr.

##### *Könnun máls.*

Ráðgjafi sem fer með könnun máls sér um að afla upplýsinga í samræmi við ákvæði barnaverndarlaga og reglugerða, leita aðstoðar sérfræðinga og óska eftir þjónustu Barnahúss eftir því sem við á, sbr. 22. gr. barnaverndarlaga. Hann leitast við að könnun fari fram í samráði og samvinnu við forsjáraðila, þó ætíð með hagsmuni barns að leiðarljósi. Ráðgjafi fer með þær rannsóknarheimildir sem mælt er fyrir um í 43. gr. barnaverndarlaga. Ráðgjafi tekur þátt í samþættingu þjónustunnar frá upphafi barnaverndarmáls ef fyrir liggur beiðni um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barns.

Ráðgjafi og umsjónarfélagsráðgjafi taka ákvörðun um lokun máls eftir könnun, sbr. 1. mgr. 23. gr. barnaverndarlaga.

Ráðgjafi og umsjónarfélagsráðgjafi taka ákvörðun um áframhaldandi vinnslu máls með tillögu að meðferðaráætlun, sbr. 23. gr. barnaverndarlaga, að höfðu samráði á teymisfundi.

## 11. gr.

*Lögreglurannsókn.*

Ef grunur leikur á að alvarlegt refsivert brot hafi verið framið gagnvart barni tekur ráðgjafi með samþykki umsjónarfélagsráðgjafa ákvörðun um að óska lögreglurannsókna. Leita skal samþykkis forsjáradila sem hefur barn í sinni umsjá og hafa samráð við barn eftir atvikum. Framkvæmdastjóri skal upplýstur um að máli hafi verið vísað í lögreglurannsókn.

## 12. gr.

*Neyðarráðstafanir.*

Ef vinda þarf bráðan bug að ráðstöfun sem heyrir undir Barnaverndarþjónustu Vestmannaeyja getur ráðgjafi að höfðu samráði við umsjónarfélagsráðgjafa og með samþykki framkvæmdastjóra, framkvæmt hana án undangenginnar málsmeðferðar skv. VIII. kafla barnaverndarlaga.

Ráðgjafi að höfðu samráði við umsjónarfélagsráðgjafa getur tekið ákvörðun um neyðarráðstöfun gagnvart barni sem er 15 ára eða eldra, með samþykki forsjáradila. Framkvæmdastjórn skal gert viðvart um neyðarráðstöfun svo skjótt sem auðið er.

Við aðstæður þær sem 1. mgr. 31. gr. barnaverndarlaga lýsir er ráðgjafa heimilt, að höfðu samráði við umsjónarfélagsráðgjafa og með samþykki framkvæmdastjóra, þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. 43. gr. að fara inn á heimili, enda sé ástæða til að ætla að barn sé í bráðri hættu.

## III. KAFLI

**Ráðstafanir barnaverndarþjónustu.**

## 13. gr.

*Áætlun um meðferð máls.*

Ráðgjafi, í samvinnu við forsjáradila og eftir atvikum barn sem náð hefur 15 ára aldri, skal gera skriflega áætlun um meðferð máls og undirritar áætlunina f.h. Barnaverndarþjónustu Vestmannaeyjabæjar.

Ráðgjafi skal gera einhliða áætlun um framvindu máls og beitingu úrræða, náist ekki samkomulag við foreldra eða barn, þegar það á við, sbr. 24. gr. reglugerðar nr. 56/2004 um málsmeðferð fyrir barnaverndarnefnd og 4. mgr. 23. gr. barnaverndarlaga.

Ráðgjafi með samþykki umsjónarfélagsráðgjafa tekur ákvörðun um lokun máls þegar áætlun rennur út eða meðan meðferðaráætlun er í gangi ef aðstæður barns verða viðunandi eða ekki er af öðrum ástæðum þörf á áframhaldandi vinnslu á grundvelli barnaverndarlaga.

## 14. gr.

*Framkvæmd meðferðaráætlunar.*

Ráðgjafi skal sjá um alla framkvæmd meðferðaráætlunar. Hann skal koma á þeim stuðningi sem þar er mælt fyrir um og þörf er á, þar á meðal samþættingu þjónustu í þágu farsældar barns. Hann skal meta þörf á samstarfi við aðra aðila sem veitt gætu stuðning eða vinna í málum barnsins og koma á slíku samstarfi sé þess þörf. Ráðgjafi getur, með samþykki foreldra, beitt þeim úrræðum sem kveðið er á um í 24. og 26. gr. barnaverndarlaga, sbr. einnig 10. gr. reglugerðar nr. 652/2004 um úrræði á ábyrgð sveitarfélaga samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga.

## 15. gr.

*Úrræði utan heimilis með samþykki foreldra og barns.*

Ráðgjafi með samþykki umsjónarfélagsráðgjafa getur, með samþykki foreldra og barns sem náð hefur 15 ára aldri mælt fyrir um að:

- a. Barnaverndarþjónusta Vestmannaeyjabæjar taki við forsjá eða umsjá barns og ráðstafað barni í fóstur.

- b. Barnaverndarþjónusta Vestmannaeyjabæjar taki við forsjá eða umsjá barns og vistað barn utan heimilis á heimili eða stofnun eða leitað annarra úrræða skv. XIII. og XIV. kafla barnaverndarlaga til umönnunar, rannsóknar, meðferðar eða stuðnings.

Ákvörðun um að taka við forsjá eða umsjá barns, sbr. a- og b-lið skal tekin að undangengnu samráði á teymisfundi.

Ákvörðun um að taka við forsjá og ákvörðun um vistun eða fóstur sem varir í eða ætlað er að vara samfellt í 6 mánuði eða lengur skal staðfest af framkvæmdastjórn.

Ráðgjafi með samþykki umsjónarfélagsráðgjafa getur ákveðið með samþykki ungmennis að ráðstöfun í fóstur eða vistun haldist eftir að ungmenni verður 18 ára, allt til 20 ára aldurs. Að jafnaði skal ákvörðun tekin að undangengnu samráði á teymisfundi.

Ungmenni getur skotið synjun, um að ráðstöfun í fóstur eða vistun haldist eftir að viðkomandi verður 18 ára, til úrskurðarnefndar velferðarmála.

16. gr.

*Vinnsla máls meðan vistun og fóstur varir.*

Þegar fyrir liggur ákvörðun um vistun eða fóstur barns skal ráðgjafi fara með alla vinnslu máls á meðan vistun eða fóstur varir. Í því felst m.a. að sækja um vistun á meðferðarheimili á vegum Barna- og fjölskyldustofu, gera vistunarsamning á grundvelli 80. gr. barnaverndarlaga, sækja um vistun/fóstur á grundvelli 84. gr. barnaverndarlaga, ganga frá áætlun um að tryggja umsjá barns á grundvelli 25. gr. reglugerðar nr. 56/2004 og 33. gr. barnaverndarlaga, koma á stuðningi við barn og/eða vistunaraðila, hafa frumkvæði að umgengni við nákomna eftir því sem þörf er á og gera umgengnissamning, fylgja eftir áætlun um meðferð og vistun barns, meta tímanlega árangur af fóstri eða vistun áður en henni lýkur og þörf á beitingu frekari úrræða.

17. gr.

*Úrræði án samþykkis foreldra.*

Ráðgjafi með samþykki umsjónarfélagsráðgjafa, að höfðu samráði við lögfræðing og framkvæmdastjóra, tekur ákvörðun með bókun um að fara fram á það við umdæmisráð barnaverndar að ráðið kveði upp úrskurð gegn vilja foreldra og barns sem er 15 ára eða eldra í samræmi við 26. - 29. gr. barnaverndarlaga. Ákvörðun skal tekin að undangengnu samráði á teymisfundi.

18. gr.

*Úrræði vegna ófæddra barna.*

Ráðgjafi með samþykki umsjónarfélagsráðgjafa, að höfðu samráði við lögfræðing og framkvæmdastjóra, tekur ákvörðun um að sett skuli fram krafa fyrir dómi um sviptingu sjálfræðis barnshafandi einstaklings samkvæmt ákvæðum lögræðislaga, í samræmi við 2. mgr. 30. gr. barnaverndarlaga. Ákvörðun skal tekin að undangengnu samráði á teymisfundi.

19. gr.

*Endurskoðun ráðstafana.*

Ráðgjafi og umsjónarfélagsráðgjafi taka afstöðu til beiðni um endurskoðun ráðstafana í samræmi við 2. mgr. 34. gr. barnaverndarlaga. Ákvörðun skal tekin að undangengnu samráði á teymisfundi og skal kynnt framkvæmdastjóra.

20. gr.

*Brottvikning heimilismanns og nálgunarbann.*

Ráðgjafi og umsjónarfélagsráðgjafi taka ákvörðun um að setja fram beiðni til lögreglu í samræmi við 37. gr. barnaverndarlaga. Ákvörðun skal tekin að undangengnu samráði á teymisfundi og skal kynnt framkvæmdastjóra.

## 21. gr.

*Fyrirsvar fyrir dómi.*

Ráðgjafi sem jafnframt er ábyrgðarmaður máls og umsjónarfélagsráðgjafi, að höfðu samráði við lögfræðing barnaverndarþjónustunnar, skulu taka nauðsynlegar ákvarðanir um meðferð máls fyrir dómi, svo sem hvort afla eigi dómkvadds mats, kæru og áfrýjun mála til æðra dómstóls o.s.frv. Ákvarðanir um sættir eða að falla frá máli skulu staðfestar af framkvæmdastjórn.

## IV. KAFLI

**Ráðstöfun barna í fóstur.**

## 22. gr.

*Fóstur.*

Ráðgjafi og umsjónarfélagsráðgjafi taka ákvörðun um að ráðstafa barni í fóstur í samræmi við XII. kafla barnaverndarlaga þegar fyrir liggja þær aðstæður sem mælt er fyrir um í 65. gr. barnaverndarlaga og 2. gr. reglugerðar nr. 858/2013 um greiðslur vegna barna í fóstur. Ráðgjafi og umsjónarfélagsráðgjafi, að höfðu samráði á teymisfundi, taka ákvörðun um þau atriði sem mæla skal fyrir um í fóstursamningi, svo sem forsjáskyldur fósturforeldra, fósturtíma, greiðslur til fósturforeldra, umgengni í fóstur, stuðning við barn og fósturforeldra og annað sem máli skiptir.

## 23. gr.

*Beiðni um fósturheimili og val á fósturforeldrum.*

Ráðgjafi sendir beiðni um fósturheimili til Barna- og fjölskyldustofu í samræmi við 15. gr. reglugerðar nr. 804/2004 um fóstur. Ráðgjafi með samþykki umsjónarfélagsráðgjafa velur fósturforeldra úr hópi þeirra sem eru á skrá í samráði við Barna- og fjölskyldustofu, sbr. 16. gr. reglugerðar nr. 804/2004. Ráðgjafi undirbýr barn undir viðskilnað við foreldra. Ráðgjafi skal leita umsagnar forsjárlausss foreldris áður en barni er ráðstafað í fóstur.

## 24. gr.

*Réttarstaða foreldris sem ekki fer með forsjá barns.*

Ef aðeins annað kynforeldra fer með forsjá barns þegar úrskurður eða svipting á sér stað eða foreldri sem fer eitt með forsjá afsalar sér umsjá eða forsjá til Barnaverndarþjónustu Vestmannaeyjabæjar getur ráðgjafi með samþykki umsjónarfélagsráðgjafa og að höfðu samráði á teymisfundi tekið ákvörðun um að ráðstafa barni til hins foreldrisins. Með ákvörðun ráðgjafa og umsjónarfélagsráðgjafa, að undangengnu samráði á teymisfundi, sem staðfest skal af framkvæmdastjóra er heimilt, ef hagsmunir barns eru taldir best tryggðir með þeim hætti, að afsala forsjá þess til hins kynforeldrisins.

## 25. gr.

*Réttarstaða foreldris sem barn býr ekki hjá þegar um sameiginlega forsjá er að ræða.*

Ef foreldri sem barn býr hjá þegar báðir fara sameiginlega með forsjá, afsalar sér umsjá barns skv. 25. gr. barnaverndarlaga eða kveðinn er upp úrskurður um tímabundna vistun utan heimilis skv. 27. eða 28. gr. tekur ráðgjafi með samþykki umsjónarfélagsráðgjafa ákvörðun um að hitt foreldrið taki við umsjá þess.

Að höfðu samráði á teymisfundi og með samþykki umsjónarfélagsráðgjafa og ef það er talið barni fyrir bestu getur ráðgjafi tekið ákvörðun um að aðrir en hitt foreldrið taki við umsjá.

## 26. gr.

*Fóstursamningur.*

Þegar fóstur barns hefur verið samþykkt skal ráðgjafi ganga frá fóstursamningi og undirrita f.h. Barnaverndarþjónustu Vestmannaeyjabæjar. Ef breytingar verða á högum fósturforeldra á fósturtíma skal ráðgjafi meta hvort þörf sé á að endurskoða fóstursamning í samræmi við 77. gr. barnaverndarlaga. Ef þörf er á endurskoðun fóstursamnings taka ráðgjafi og umsjónarfélagsráðgjafi ákvörðun með bókun þar um, að undangengnu samráði á teymisfundi. Ef ekki næst samkomulag við fósturforeldra getur ráðgjafi, með samþykki umsjónarfélagsráðgjafa, með rökstuddum úrskurði, breytt fóstursamningi eða fellt hann úr gildi. Úrskurður er kæránlegur til úrskurðarnefndar velferðarmála.

## 27. gr.

*Greiðslur til fósturforeldra.*

Ráðgjafi með samþykki umsjónarfélagsráðgjafa og að undangengnu samráði á teymisfundi tekur ákvörðun um fjárhæð fósturlauna í samræmi við 5. gr. reglugerðar nr. 858/2013. Fósturforeldrar geta óskað eftir endurskoðun á fjárhæð fósturlauna ef þeir telja að umönnunarpörf barns hafi breyst frá því að fóstursamningur var gerður. Ákvörðun er kæránleg til úrskurðarnefndar velferðarmála.

Ráðgjafi með samþykki umsjónarfélagsráðgjafa og að undangengnu samráði á teymisfundi tekur ákvörðun um greiðslur í styrktu fósturi með Barna- og fjölskyldustofu, í samræmi við 6. gr. reglugerðar nr. 858/2013. Sé fjárhæð fósturlauna eða greiðslur í styrktu fósturi hærri en sem nemur 10 földu meðlagi þarf framkvæmdastjórn að samþykkja slíka ákvörðun.

Fari fósturforeldrar fram á greiðslur á ófyrirséðum kostnaði með rökstuddri beiðni í samræmi við 8. gr. reglugerðar nr. 858/2013 skal ráðgjafi með samþykki umsjónarfélagsráðgjafa og að undangengnu samráði á teymisfundi taka afstöðu til beiðninnar með rökstuddri bókun. Sú ákvörðun er kæránleg til úrskurðarnefndar velferðarmála.

## 28. gr.

*Slit fóstursamnings.*

Ráðgjafi með samþykki umsjónarfélagsráðgjafa og að undangengnu samráði á teymisfundi tekur ákvörðun um að breyta fóstursamningi eða fella hann úr gildi, eins og mælt er fyrir um í 32. gr. reglugerðar nr. 804/2004. Ef ekki næst samkomulag við fósturforeldra þar um geta ráðgjafi og umsjónarfélagsráðgjafi með samþykki framkvæmdastjóra breytt fóstursamningi eða fellt hann úr gildi með rökstuddum úrskurði.

## 29. gr.

*Framfærsluskyllda foreldra.*

Ráðgjafi með samþykki umsjónarfélagsráðgjafa og að undangengnu samráði á teymisfundi tekur ákvörðun um hvort krafa verði gerð á foreldra um greiðslu framfærslueyris, sbr. 11. gr. reglugerðar nr. 858/2013 með hliðsjón af þörfum barnsins og fjárhagsstöðu og öðrum högum beggja foreldra. Með sömu sjónarmiðum getur ráðgjafi með samþykki umsjónarfélagsráðgjafa og að undangengnu samráði á teymisfundi ákveðið að aðstoða foreldra við kostnað vegna umgengni við barn í fósturi að hluta eða öllu leyti. Ef ekki næst samkomulag skal afgreiða málið með rökstuddri bókun.

## 30. gr.

*Umgengni í fósturi.*

Við ráðstöfun barns í fóstur skal ráðgjafi hafa frumkvæði að því að gera tillögur um umgengni barns við kynforeldra og aðra nákomna þegar það á við. Leitast skal við að ná samkomulagi við þá sem umgengni eiga að rækja og ganga frá skriflegum samningi um fyrirkomulag umgengninnar, að undangenginni bókun teymisfundar.

Ef ekki næst samkomulag um umgengni getur ráðgjafi með samþykki umsjónarfélagsráðgjafa og að höfðu samráði á teymisfundi og við framkvæmdastjóra gert tillögu um að umdæmisráð barnaverndar úrskurði um ágreiningsefni er varða umgengni barns við foreldra eða nákomna í samræmi við 81. og 74. gr. barnaverndarlaga.

## 31. gr.

*Leyndur dvalarstaður.*

Ráðgjafi með samþykki umsjónarfélagsráðgjafa og að undangengnu samráði á teymisfundi tekur ákvörðun um hvort halda eigi dvalarstað barns leyndum og kynnir aðila máls þá ákvörðun sína. Aðili máls getur borið þá ákvörðun undir umdæmisráð barnaverndar sem kveður upp úrskurð í samræmi við 7. mgr. 74. gr. og 8. mgr. 81. gr. barnaverndarlaga. Ákvörðun skal kynnt framkvæmdastjóra til staðfestingar.

## V. KAFLI

**Málsmeðferð barnaverndarmála.**

32. gr.

*Aðgangur að gögnum máls.*

Ráðgjafi með samþykki umsjónarfélagsráðgjafa og að höfðu samráði við lögfræðing, tekur ákvörðun um að takmarka aðgang aðila að tilteknum gögnum máls í samræmi við 2. mgr. 45. gr. barnaverndarlaga. Ákvörðun skal kynnt framkvæmdastjóra til staðfestingar.

33. gr.

*Aðstoð lögmanns.*

Framkvæmdastjórn samþykkir reglur um greiðslur fjárstyrks til að greiða fyrir lögmannsaðstoð á grundvelli 2. mgr. 47. gr. barnaverndarlaga og tekur ákvörðun um slíkar greiðslur í samræmi við reglur Vestmannaeyjabæjar um fjárhagsaðstoð.

## VI. KAFLI

**Umsagnarmál.**

34. gr.

*Umsagnir samkvæmt lögum um ættleiðingar nr. 130/1999.*

Ráðgjafi annast könnun mála vegna umsagnar Barnaverndarþjónustu Vestmannaeyjabæjar um ættleiðingar skv. 16. gr. og 31. gr. laga um ættleiðingar nr. 130/1999 og gengur frá umsögn með samþykki umsjónarfélagsráðgjafa.

## VII. KAFLI

**Endurupptaka.**

35. gr.

*Endurupptaka mála.*

Beri aðili fram kvörtun vegna afgreiðslu Barnaverndarþjónustu Vestmannaeyjabæjar samkvæmt viðauka þessum, skal leiðbeina honum um réttarstöðu sína, m.a. um heimild til að óska endurupptöku stjórnvaldsákvörðunar hjá framkvæmdastjóra fjölskyldu- og fræðslusviðs með hliðsjón af 24. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993. Telji framkvæmdastjórinn að skilyrði endurupptöku séu fyrir hendi skal Barnaverndarþjónusta Vestmannaeyjabæjar taka málið upp að nýju.